

# Fundur náttúruverndarnefndar Þingeyinga 26. júní 2017

## Fundargerð nr. 2-2017

Mættir: Þorkell Lindberg (formaður), Gréta Bergrún (ritari), Ásvaldur Ævar Þormóðsson.

Fundarstaður: Skype fundarform og í síma

**Fundur settur kl. 13.00**

### 1. Beiðni um umsögn Náttúruverndarnefndar um skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand friðlýstra svæði, Rauða listann

Náttúruverndarnefnd hefur kynnt sér fyrirleggjandi gögn. Nokkrar umræður fóru fram og var formanni falið að senda eftirfarandi athugasemdir til Skútustaðahrepps:

- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga telur það veikleika svæðisins að ekki sé fleira starfsfólk við landvörslu á heilsársvísu en raun ber vitni. Stóraukin ferðamannastraumur og tilheyrandi álag á svæðinu kallar á mun meiri landvörslu og miðlun/fræðslu til ferðamanna á svæðinu en nú er. Starfsemin hefur fram að þessu verið brotakennd og fjárveitingar til landvörslu koma seint. Lítil festa hefur verið í starfseminni og óvissa ríkt um fjármagn frá ári til árs. Þetta þarf að bæta með auknum framlögum til landvörslu í Mývatnssveit til langframa. Leggja þarf áherslu á að styrkja heilsársstarfsemi við landvörslu og fræðslu til ferðamanna. Leggja mætti m.a. áherslu á aukna lifandi fræðslu til ferðamanna.
- Einnig þarf að efla rannsóknir á svæðinu, einkum og sér í lagi rannsóknir/vöktun sem snúa að auknu álagi á vistkerfi svæðisins. Einkum er þá um að ræða álag af ferðamönnum en einnig fyrirætlanir um aukna jarðhitavinnslu í Bjarnarflagi.
- Meðal ógna vantar að nefna framandi ágengar tegundir. Alaskalúpína og skógarkerfill er víða að finna og er brýnt að stemma stigum við útbreiðslu þeirra. Þessar tegundir munu, ef ekkert er að gert, gjörbreyta ásýnd og spilla fágætu náttúrufari í Mývatnssveit. Lúpína sækir nú m.a. að útbreiðslusvæði naðurtungu austan Kísiliðjulóðar en plantan finnst aðeins á Íslandi og á Asoreyjum. Mjög mikilvægt er því að ráðast í aðgerðir strax.

- Meðal tækifæra á svæðinu er að koma landvörslu, rannsóknum, fræðslu og miðlun saman á einn stað, sbr. hugmyndir um uppbyggingu Þekkingarseturs í Mývatnssveit. Horfa má þá einkum til starfsemi Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Náttúrurannsóknastöðvarinnar í Mývatnssveit. Uppbygging slíks þekkingarsamfélags miði að því að efla tengsl og samlegð rannsókna, eftirlits og fræðslu/miðlunar.

**Fundargerð lesin og samþykkt.**

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15**